

BRÁÐABIRGÐALÖG

68

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

12. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherrann hefur tjáð mér, að þar sem eigi hafi náðst samkomulag um rekstur barnaheimilisins Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, en þörfin fyrir rekstur slíks heimilis sé brýn, telji hann nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái heimild til að taka heimilið leigunámi.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, sem er sjálfseignarstofnun, ásamt jörðinni Hverakoti með húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, ásamt annarri búslóð og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir og ástæða þykir til að nota við rekstur heimilisins.

Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

69

um breyting og viðauka við lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

12. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að breyta nú þegar gildandi lagaákvæðum um skattgreiðslur útlendinga, sem hverfa héðan af landi burt, og færa ákvæði þessi til samræmis við tilsvarende reglur útsvarslaga (nr. 66 1945). Sé þess vegna óhjákvæmilegt að heimila álagningu og innheimtu skatta hjá útlendingum og erlendis búsettum aðilum, þegar við brottför héðan af landi, í stað þess að slíku er nú frestað fram yfir næstu áramót eftir brottförina.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

69

12. sept.

Í stað orðanna „en hafa fasta atvinnu“ í 1. gr. laganna komi: en hafa hér atvinnutekjur.

1. gr.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna verði þannig:

Hafi útlendingur dvalið hér eða haft hér atvinnutekjur 3 mánuði eða lengur, skapar það honum skattskyldu, og ber kaupgreiðanda hans o. s. frv.

3. gr.

Aftan við 6. gr. bætist:

Kaupgreiðandi skal tilkynna skattstjóra eða skattanefnd mánaðarlega kaupgreiðslu til manna þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, sem verði 7.—9. gr., og breytist greinatala samkvæmt því.

5. gr.

7. gr. laganna verði þannig:

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skyldt að tilkynna hlutaðeigandi skattstofu eða skattanefnd um það, með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðilum. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofu eða skattanefnd skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

6. gr.

8. gr. laganna hljóði svo:

Skattstofa eða skattanefnd ákveður tekjuskatt gjaldanda af tekjum hans hér á burtfararárinu, frá komudegi til brottfarardags, og tilkynnir kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni skatts um álagninguna þegar í stað.

7. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Tekjuskattur þeirra, sem hér um ræðir, ákveðst þannig: Hreinar tekjur gjalda, deilanlegar með 50, margfaldast með tölunni 12 og deilast síðan með fjölda þeirra mánaða, er hann hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

Þegar tekjufjárhæð hefur verið hækkuð samkvæmt ofangreindu hlutfalli, skal tekjuskattur reiknaður eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í 14. gr. laga nr. 20 frá 1942, þó án þess að persónufrádráttur sé leyfður.

Tekjuskatturinn reiknaður samkvæmt framansögðu deilist með tölunni 12 og margfaldist með fjölda þeirra mánaða, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Tekjuskatturinn má þó aldrei vera lægri en 5% af skattskyldum tekjum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.